

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/546**  
**komudagur 5.12.2002**



**IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS**  
LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA  
STOFNAÐ 1944

Reykjavík 5. desember 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um húsnæðismál, 370. mál, niðurfelling skulda.


Iðnnemasambandi Íslands (INSÍ) barst bréf yðar dagsett þann 3. desember 2002 til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir félagsins til nefndarinnar.

Með vísan í bréf undirritað af stjórnarformanni FIN varðandi frumvarpið.

Iðnnemasamband Íslands ásamt Skólafélagi Iðnskólans í Reykjavík eru stofendur FIN og eru það okkar félagsmenn sem eru leigjendur hjá FIN.

Það er mikið hagsmunamál hjá INSÍ að nemum sé ekki mismunað. Við teljum að nemum sé nú þegar mismunað með því að flest iðnnám hefur verið flutt til Reykjavíkur. Engar heimavistir eru við Iðn- og verknámsskólana í Reykjavík og því þurfa margir iðnnemar að leigja á frjálsum markaði meðan þeir stunda sitt nám. FIN er eina úrræðið sem þessir nema hafa til að leigja ódýrara en markaðurinn býður uppá.

Við teljum það nauðsynlegt að komið verði til móts við FIN og efla það mikla og góða starf sem FIN vinnur með starfsemi sinni. Það er því eindreginn tillaga okkar að þetta frumvarp nái fram að ganga til að tryggja rekstur Félagsíbúða.

Virðingarfyllt  
  
Þónína Brynjólfsson  
Framkvæmdastjóri Iðnnemasambands Íslands

*Fi*